

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. mars 2013
Tilvísun: UST20130100074/mik

Efni: Aukin framleiðsla á regnbogasilungi (eða laxi) í Dýrafirði - frekari umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst í tölvupósti 13. febrúar 2013 þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við 6. grein laga nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum.

Með ofangreindu erindi Skipulagsstofnunar barst svar Dýrfisks hf. dags. 12. febrúar 2013 við umsögn Umhverfisstofnunar ásamt greinargerð Náttúrustofu Vestfjarða dags. 8. febrúar 2013.

Straumar og dýpi

Í svörum Dýrfisks ehf. kemur fram að Hafrannsóknastofnunin telji það álitamál hvort skilgreina eigi Dýrafjörð sem þröskuldsfjörð þar sem um er að ræða grunn fyrir utan fjarðarmynnið og heldur meira dýpi innan við. Hins vegar sé fjörðurinn grunnur þar sem dýpi nær varla 50 m yst í firðinum og því sé ekki um að ræða eiginlegan þröskuld sem heftir vatnsskipti fjarðarins. Ekki kemur fram í svörunum hvert dýpið er á grunninu.

Í svörunum framkvæmdaraðila er vísað til skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) um mælingar á straumum og dýpi fjarðarins og kemur fram að dýpi á mælingastöðum sé lítið, eða um 20 m í Haukadalsbót og rúmlega 30 við Mýrarfell. Fram kemur að NAVÉ telji að öllum líkindum vera straumhvirlur við Haukadalsbót. Í svörunum kemur einnig fram að NAVÉ telji ekki ástæðu til að gera straummælingar með stuttu millibili við norðurströnd fjarðarins og telur að þar sem Gemlufall sé í þrengingu þá sé straumur líklegast meiri þar en utar í firðinum þar sem hann er breiðari. Einnig kemur fram að eldið verði staðsett á 27-30 m dýpi sem teljist vera of mikið fyrir kalkþörungum.

Umhverfisstofnun ítrekar að stofnunin telur að mikilvægt sé að sett verði fram ítarlegri gögn um strauma og dýpi í Dýrafirði áður en ráðist verður í umfangsmikið fiskeldi þar. Sérstaklega þarf að skoða nánar eftir atvikum með nánari umfjöllun Hafrannsóknarstofnunar hvort áhrif séu frá þröskuldinum og hvort hvirfilstraumurinn hafi áhrif á vatnsskipti fjarðarins og einnig

hvort og þá hversu mikil áhrif lítið dýpi í firðinum hafi áhrif á þolmörk eldisins. Stofnunin fær ekki séð hvernig koma á eldi fyrir á 27-30 m dýpi við Haukadalsbót eins og framkvæmdaraðili ætlar sér skv. svörunum þar sem dýpi þar er sagt 20 m.

Burðarþol


Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann taki undir það með Umhverfisstofnun að LENKA matið sé gróft mat á burðarþoli og bendir á að framleiðsla af laxi og silungi í sjókvíaelði í Noregi sé nú tvöfalt meiri en upprunalegt LENKA mat gerði ráð fyrir.


Umhverfisstofnun telur að vanda eigi til mats á burðarþoli og telur að dýpka þurfi umfjöllunina.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun ítrekar fyrri umsögn sína um að fyrirhuguð framleiðsla á 4.000 tonnum af regnbogasilungi (eða Laxi) í Dýrafirði sé umfangsmikil og kunni að skapa töluvert álag á vistkerfi svæðisins. Skoða þarf nánar hvort nægjanlegar upplýsingar séu til staðar um strauma og dýpi á fyrirhuguðum eldissvæðum. Stofnunin telur einnig að nokkur óvissa ríki um mögulega erfðablöndun á íslenskum laxi og bendir á að fram hafa komið sjónarmið hjá Orkustofnun um möguleg áhrif eldisins á kalkþörungum á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að í svari framkvæmdaraðila komi ekki fram upplýsingar sem breyti forsendum niðurstöðu fyrri umsagnar um fyrirhugaða framleiðslu á allt að 4.000 tonnum af regnbogasilungi (eða laxi) í sjókvíum í Dýrafirði og skuli framkvæmdin því háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
teymisstjóri